

Ed. 242. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 14 20. marz 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Í stað 1. málsgreinar 16. gr. laganna komi:

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 21 virkan dag og einskis í missa af föstum launum. Þeir starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu ríkisins í 10 ár, skulu fá orlof í 24 virka daga. Starfsmönnum, sem eiga að baki lengri þjónustualdur en 15 ár, má veita orlof allt að 27 virkum dögum. Nánari reglur um orlof skal setja með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru þá jafnframt úr gildi fallin lög nr. 14 20. marz 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lengja orlof þeirra ríkisstarfsmanna, sem verið hafa í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, með hliðsjón af lengingu orlofs verkamanna, samkvæmt samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Samkvæmt frumvarpinu lengist orlof þeirra ríkisstarfsmanna, sem verið hafa í þjónustu ríkisins skemur en 10 ár úr 18 í 21 virkan dag og þeirra, sem eiga að baki 10—15 ára þjónustualdur úr 21 í 24 virka daga. Orlof annarra ríkisstarfsmanna verður óbreytt frá því, sem verið hefur og gert var ráð fyrir í lögum nr. 14. 20. marz 1957.